

Ljósvakahandrit 20.11.97

SJÓNVARPIÐ 23:00

Kvennalistinn.

Vond tíðindi koma alltaf á óvart segir Kristín Halldórsdóttir um úrsögn nöfnu sinnar Ástgeirs dóttur úr Kvennalista. Formaður Alþýðuflokksins segir úsagnir kvenna úr samtökunum jákvæðar að því leyti að nú komi Kvennalistinn með skýra stefnu til viðræðna við félaghinggaöflin.

Ákvörðun Kristínar Ástgeirs dóttur kom hvorki formanni Alþýðuflokks né talsmanni Alþýðubandalag á óvart. Formaður Alþýðuflokksins segir að tíðindin séu í raun jákvæð fyrir komandi samfylkingarviðræður.

Sighvatur Björgvinsson, formaður Alþýðuflokks: Það hafa nú ekki margir einstaklingar sagt sig úr Kvennalistanum en ég sé ekki að þetta hafi neikvæð áhrif. Þetta þýðir það að það liggar alveg fyrir þegar viðræðurnar hefjast af hálfu Kvannalistans hvert er markmiðið og um það er samistaða. Þær konur sem ekki una markmiði viðræðnanna hafa sagt sig úr Kvennalistanum og það gerir hlutina bara ennþá skýrari heldur en þeir voru. Það er jákvætt þegar að menn setjast niður við samningabord að allir aðilar í þeim samningum viti hvert er markmiðið með viðræðunum.

Það liggar nú fyrir af hálfu Kvannalistans.

Svavar Gestsson, þingflokkformaður Alþýðubandalags: Málsástæðurnar sem Ástgeirs dóttir bar fyrir sig, það er að segja málefni eru að mörgu leyi vinstri málefni. Þannig að þó að það hafi orðið vís milli vina í þeirra röðum núna í dag, er staðfest hér í dag að þá held ég að það þurfi ekkert endilega að vera í framhaldinu. Þannig að ég held að hérrna hafi fólk verið að gera upp mjög erfiða sambúðarerfiðleika sem hafa staðið um nokkurt skeið. Ég er þrátt fyrir það ekkert svartsýnn á að menn geti talað sig niður á skynsamlega málefnalega niðurstöðu.

Vond tíðindi koma alltaf á óvart segir Kristín Halldórsdóttir, önnur tveggja þingkvanna samtaka um Kvennalista. Hún segist hins vegar virða afstöðu þeirra sem sagt hafa skilið við samtökin en telur að um ótímabært uppgjör sé að ræða.

Kristín Halldórsdóttir, þingkona Kvennalista: Ég hefði viljað að landsfundur staðfesti niðurstöðu samráðs sem fékkst á fundi kvenna af öllu landinu í ágúst síðast líðnum um það að Kvennalistinn stæði ekki sem heild í þessum viðræðum við A-flokkana en konum væri vitanlega frjálst eða einstaklingum eða hópum innan Kvannalistans, væri frjálst að leita allra leiða sem þeim sýndist. Þetta sætu studningskonur viðræðna við A-flokkana sig ekki við og knúðu fram þessa atkvæðagreiðslu. Ég gat ekki stutt það en ég vil heldur ekki leggja Stein í götu þeirra. Mér fannst eðlilegast að sitja hjá.

Kristín segist ætla að halda sig til hlés í starfi samtakanna enda ósátt við þá leið sem valin var. Borgarstjóri segir að tíðindin úr herbúðum Kvannalistans hafi ekki nokkur áhrif á þátttöku samtakanna í R-listanum enda löngu útkljáð með hvaða hætti Kvennalistinn kemur að framboðinu.

Það hafi verið gert þegar til hans var stofnað. En hvað með framtíð Kvennalistans, er hann að líða undir lok?

Ingibjörg Sólrun Gísladóttir, borgarstjóri (R): Það er auðvitað áleitin spurning. Það má segja að það sé svona ýmislegt sem hafi bent til þess þegar við síðustu þingkosningar að Kvennalistinn væri að líða undir lok en mér sýnist að það sé nú heldur betur að færast fjör í leikinn núna. Þetta er svo sem ekki í fyrsta skipti sem Kvannahreyfingin gengur í gegn

um svona sveiflu. Ég hef nú horft á þetta einu þrisvar sinnum. Það hefur yfirleitt þýtt það að einhverjar hafa farið og nýjar hafa komið og þannig er það bara í hreyfingum, það er eðli þeirra.

Tími: 3:30

Fréttamaður: Þróstur Emilsson